

Alþingi 133/556
Erindi nr. 133/556
komudagur 5.12.2006

DAGSETNING

TILVÍSUN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. desember 2006 2006110393
G-ums 5/06

Umsögn um 357. mál, frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald


Með bréfi háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dagsettu 24. nóvember 2006, er óskað umsagnar ríkisskattstjóra um frumvarp á þingskjali 388, um breyting á lögum nr. 87/2004, um olfugjald og kílómetragjald o.fl., með síðari breytingum. Fer umsögnin hér á eftir.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið byggir það á tillögum starfshóps er fjármálaráðherra skipaði og einkum var ætlað að endurskoða III. kafla laganna, um "kæruheimildir, eftirlit og refsíabyrgð". Meðal annarra sátu í starfshópnum starfsmenn ríkisskattstjóra. Sjónarmiða embættisins sér því víða stað í frumvarpinu. Ríkisskattstjóri tekur undir það sem lagt er til í frumvarpinu og vísar til þeirra forsendna sem fram koma í athugasemdum við það.

Jafnframt bendir ríkisskattstjóri á að hann telur brýnt að gera breytingu á orðalagi 6. mgr. 13. gr. laganna nr. 87/2004, með síðari breytingum, þ.e. að fella út orðið "bifreiðum" en setja þess í stað orðið "ökutækjum". Með frumvarpi sem lagt var fram á 132. löggjafarþingi, á þingskjali 359, var lögð til upptaka sérstaks kílómetragjalds, sem greitt skyldi af akstri bifreiða ætlaðra til tiltekinna sérstakra nota, en bifreiðar þessar voru og eru undanþegnar olúgjaldi. Lögð var til sérstök gjaldskrá er fór stighækkandi eftir þyngd bifreiða. Í meðförum þingsins var að tillögu meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar sú breyting gerð á frumvarpinu, að sérstaka kílómetragjaldið var einnig látið taka til tiltekinna eftirvagna dreginna af dráttarvélum. Af nefndaráliti meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar verður ráðinn sá vilji að gjaldskráin tæki einnig til gjaldskyldra eftirvagna. Þrátt fyrir það var orðalagi gjaldskrár ekki breytt. Gjaldskráin, en hana er að finna í nefndri 6. mgr. 13. gr., tekur samkvæmt orðanna hljóðan aðeins til bifreiða en ekki umræddra eftirvagna. Við því má bregðast með orðinu ökutækjum í stað bifreiðum í 6. mgr. 13. gr., en hugtakið ökutæki nær bæði til bifreiða og eftirvagna skv. ákvæði 2. mgr. sömu lagagreinar.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Jarni Arnþór Larusson


Sigríður Högnason